

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Peir aðilar, sem selja raforku i heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:
Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. lívers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskyld af, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfssárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Peim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig, að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál, skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfs-hætti og starfeskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

B R Á Ð A B I R G Ð A L Ö G

um breyting á lögum nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir
til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins hafi farið versnandi, og var um síðastliðin áramót skipuð nefnd til að kanna hag þeirra og rekstur, og hefur nefndin nú skilað tillögum til úrbóta.

Enda þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr kostnaði og bæta rekstrrafkomuna, þá vega þær ekki á móti auknum tilkostnaði Rafmagnsveitnanna á síðastliðnu ári, og ber þess vegna brýna nauðsyn til að afla Rafmagnsveitnum ríkisins aukinna tekna og hækka verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitnanna samkvæmt lögum nr. 96 22. desember 1965.

Pá þykir rétt, að skipuð sé sérstök stjórn, er fari með málefni Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna, á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:
Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskytt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfssárslega fyrir fram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skytt að hafa fullnæggjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skytt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendí stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfs-hætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Gjört i Reykjavík, 23. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.